

Fundargerð

197. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Þriðjudaginn 4. mars 2014 kl. 12¹⁵–13⁴⁵.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) (mætti kl. 13:00)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Glerumbúðir
- (3) Kynningarmál
- (4) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (196. fundar).

2. Glerumbúðir

Á síðasta fundi var rætt um hugsanlega aðkomu Úrvinnslusjóðs að söfnun og endurvinnslu glerumbúða sem ekki eru hluti af skilagjaldskerfi Endurvinnslunnar hf. Framkvæmdastjóra var falið að setja saman minnisblað.

Ók fór munnlega yfir helstu atriði málsins. Talið er að umbúðir úr gleri sem sett eru á markað sé um 13.400 tonn á ári eða um 42 kg á íbúa. Þar af eru skilagjaldsskyldar umbúðir um 7.100 tonn. Eftir standa að mati Logisys a/s í Danmörku, 6.300 tonn.

Umræðu frestað.

3. Kynningarmál

Farið var yfir kynningarmál Úrvinnslusjóðs. GGÞ fór yfir það að nokkrum sinnum hafi kynningarmál verið tekin til umræðu í stjórn Úrvinnslusjóðs. Úrvinnslusjóður hafi staðið fyrir kynningarátaki við innsöfnun á rafhlöðum og svo að kynna endurnýtingu og endurvinnslu með áherslu á framhaldsskólanemum. Hvernig á að standa að kynningum? Hvert á hlutverk Úrvinnslusjóðs að vera er kemur að kynningu á markaði? ÓK fór yfir það að Úrvinnslusjóður kemur hvergi beint að meðhöndlun úrgangs. Fyrirtæki og sveitarfélög eru þeir aðilar sem á viðskiptum við almenning og fyrirtæki. Lagt var fram á fundinum minnisblað sem fyrst var rætt á stjórnarfundum í desember 2011. Þar var farið yfir möguleikann á því að Úrvinnslusjóður myndi notast við markaðsstyrk til aðila á markaði meðhöndlunar úrgangs. GGÞ fór yfir texta sem liggur fyrir í frumvarpi um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2005. Þar kemur fram að frumkvæði á kynningu til almennings skuli koma frá Umhverfisstofnun og sveitarfélögum, en í samvinnu við Úrvinnslusjóðs. BHG telur að ef að þetta frumvarp verði að

lögum og greinin muni standa óbreytt, þá er það ljóst að það verður Umhverfisstofnun sem mun bera ábyrgð af þessu.

Umræðu frestað.

4. Önnur mál

Lagt var fram á fundinum umsögn Samkeppniseftirlitsins vegna frumvarps um breytingar á lögum nr.55/2005 um meðhöndlun úrgangs. BS fór yfir helstu niðurstöður. Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við það að Úrvinnslsjóðir taki yfir innheimtu á gjaldi vegna meðhöndlunar á raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Næsti fundur ákveðinn 18.mars 2014.

Fundi slitið kl 13:45